

Hvað er á seyði um helgina

Messur

Guðspjónustur í Reykjavík- prófatsdæmi sunnudaginn 16. júní 1985.

ARBÆJARPRESTAKALL: Guðspjónusta í safnaðarheimili Arbæjar-sóknar kl. 11.00 árd. Organleikari Jón Mýrdal. Sr. Guðmundur Þorsteinsson. ASKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11.00. Sr. Arni Bergur Sigurbjörnsson.

BUSTADAKIRKJA: Guðspjónusta kl. 10.00 árd. Sr. Jón Bjarman prédikar. Organleikari Guðni Þ. Guðmundsson. Sr. Olafur Skúlason.

DÓMKIRKJAN: Prestsvígsla kl. 11.00. Biskup Islands, Herra Pétur Sigurgeirsson, vígir kandidata í guðfræði: Sigurð Ægisson til Djúpavogsprestakalls í Austfjarðaprófatsdæmi og Helgu Soffiu Konráðsdóttur sem aðstoðarprest í Fella- og Hólaprestakalli í Reykjavíkprófatsdæmi. Vigslu lýsir sr. Kristinn Hóseasson prófastur í Heydölum. Vigsluvottar auk hans: Hólmfríður Pétursdóttir, sr. Hreinn Hjartarson og sr. Olafur Skúlason, dómprófastur sem annast altarisþjónustu ásamt sr. Agnesi M. Sigurðardóttur, æskulýðsfulltrúa. Dómkórinn syngur, organleikari Marteinn H. Friðriksson. 17. júní, þjóðhátíðarmessa kl. 11.15. Sr. Agnes M. Sigurðardóttir æskulýðsfulltrúi messar. Einsöng syngur Magnús Jónsson, óperusöngvari.

ELLIHEIMILÐ GRUND: Messa kl. 14.00. Sr. Grímur Grímsson messar. Félag fyrrverandi sóknarpresta.

FELLA— OG HÓLAKIRKJA: Guðspjónusta fellur niður vegna prestsvígslu í Dómkirkju. Sr. Hreinn Hjartarson.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Messa og altarisganga kl. 14.00. Ræðuefni: Mannfagnaður Meistarans. Sunginn verður sálmurinn „Eg er á langferð“, Fríkirkjukórinn syngur. Orgel- og söngstjóri Pavel Smid. 17. júní selja kvenfélagskonur kaffi og vöffur á stéttinni við kirkjudýr frá kl. 14-17. Bænastundir eru í Fríkirkjunni þriðjud., miðvikud., fimmtud. og föstud. kl. 18.00 og standa í stundarfjórðung. Sr. Gunnar Björnsson.

GRENSÁSKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11.00. Organleikari Arni Arinbjarnarson. Sr. Halldór S. Gröndal.

HALLGRÍMSKIRKJA: Messa kl. 11.00. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Þriðjudag fyrirbænaþjónusta kl. 10.30, beðið fyrir sjúkum.

LANDSSPÍTALINN: Guðspjónusta kl. 10.00. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.

HÁTEIGSKIRKJA: Messa kl. 11.00. Sr. Tómas Sveinsson.


BORGARSPÍTALINN: Guðspjónusta kl. 10.00.

KÓPAVOGSKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11.00. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

LANGHOLTSKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11.00. Prestur sr. Arelíus Nielsson. Organleikari Kristín Ögmundsdóttir. Ljóðakórinn syngur. Sóknarnefndin.

LAUGARNESKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11.00. Norskir skólanemendur syngja. Þriðjudag 18. júní bænaþjónusta kl. 18.00, altarisganga. Ath. sumarferð safnaðarins verður 23. júní, nánar auglýst síðar. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson.

NESKIRKJA: Messa kl. 11.00. Sr. Frank M. Halldórsson. Miðvikudag 19.



Logi Eldon með eitt verka sinna.

Logi Eldon sýnir í Hveragerði

— „Þetta eru myndir sem ég hef málað á þessu ári og í fyrra. Einnig mun ég sýna eldri skissur og myndir,“ sagði Logi Eldon, sem opnar málverkasýningu á morgun kl. 10 í félagsheimili Ölfusíngar, Hveragerði. Logi sýnir fjórutíu olíumálverk,

landslags- og mannlífsmyndir. Sýningin verður til 23. júní, opin frá kl. 10 til 22. Logi hefur áður haldið fjórar sýningar á verkum sínum. „Það eru allir velkominir á sýningu mína,“ sagði Logi.



Tryggvi Arnason.

Kæra Reykjavík

— sýningu Tryggva Arnasonar að Kjarvalsstöðum lýkur á mánudaginn

Kæra Reykjavík — sýningu Tryggva Arnasonar að Kjarvalsstöðum, lýkur á mánudaginn 17. júní. Tryggvi er kunnur grafíklistamaður og hafa verk hans vakið athygli. Hann beitir nýrri aðferð silkiprykks. Tryggvi vinnur í sjálfstæðum litaföllum á silki sem er strekkt á ramma, þar sem fletinum er lokað að öðru leyti — litnum síðan þrykkt með gúmmisköfu í gegnum silkið á pappírinn. Þessir litafletir eru síðan tengdir saman með silkiprykktri grafískri ljósmynd, oftast í þremur litum — hverri ofan á aðra og dýpt mynduð á þann hátt. Þessi aðferð er lítt þekkt hér á landi en er mikið notuð erlendis og hefur notið vinsælda. Kæra Reykjavík er gott nafn á sýningunni, því að stór hluti mynda hans er gerður eftir fyrirmyndum af húsum í Reykjavík. Litameðferð Tryggva er mjög góð og margar myndir hans mjög vel unnar.

júní fyrirbænaþessa kl. 19.30. Sr. Frank M. Halldórsson. SELJASÓKN: Guðspjónusta í byggingu Seljakirkju kl. 14.00. Guðspjónustan í Ölduselsskólanum kl. 11.00 fellur niður. Fyrirbænaþessa fimmtud. 20. júní kl. 20.30 í Tindaseli 3. KEFLAVÍKURKIRKJA: 17. júní. Hátíðarguðspjónusta kl. 13.00.

Ferðalög



Dagferðir Ferðafélagsins 15. júní kl. 13.00. Viðey. Fararstjóri: Lýður Björnsson. Verð kr. 100. 16. júní kl. 10.00. Selvogsgatan-Herdísarvík-gömul gönguleið. Fararstjóri: Sigurður Kristjánsson. Verð kr. 400. 16. júní, kl. 13.00. Eldborgin-Geitahlíð-Herdísarvík. Fararstjóri: Þórunn Þórðardóttir. Verð kr. 400. 17. júní, kl. 13.00. Selatanga-Grindavík. Selatanga eru gömul verstæð milli Grindavíkur og Krýsuvíkur. Allmiklar verbúðarústir eru þar. Þarna er stórbrotið umhverfi og má einkum nefna Katlahraun vestan við Tangana. Fararstjóri: Hjálmar Guðmundsson. Verð kr. 400.

Brottför í allar ferðirnar frá Umferðarmiðstöðinni austanmegin. Farmiðar við bíl. Frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Náttúruskoðunar- og söguferð um Keflavík NVSV fer náttúruskoðunar- og söguferð laugardaginn 15. júní um Keflavík. Farið

verður frá barnaskólanum við Sólvallagötu kl. 14.45. Hægt verður að fara í bílinn í Reykjavík við Norræna húsið kl. 13.30. Náttúrgripasafnið, Hverfisgötu 116 (við Hlemm) kl. 13.45 og Náttúrufræðistofu Kópavogs, Digranesvegi 12, kl. 14.00. Leiðsögumenn verða Sigmundur Einarsón, sem lýsir jarðfræði svæðisins, Guðleifur Sigurjónsson, ræðir um gróðurferð, og Skúli Magnússon fræðir okkur um sögu- og örnefni. Aætlað er að ferðinni ljúki við barnaskólann kl. 18.30. Síðar er ekið að Norræna húsinu með viðkomu á sömu stöðum og á leiðinni suður- eftir. Fargjald kr. 200 en 300 fyrir þá sem koma á Reykjavíkursvæðinu. Frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna. Öllum er heimil þátttaka.



Útivistarferðir um helgina Helgin 14.-17. júní. Kl. 9.00. Látrabjarg. Siglt yfir Breiðafjörð. Svefnþakagisting. Kl. 20.00. Höfðabrekkuafréttur. Ný ferð. Stórkostlegt svæði í Mýrdal. Kl. 20.00. Skaftafell-Öræfi. Ymsir möguleikar. Gönguferðir um þjóðgarðinn. Skóðunarferðir um Öræfasveit. Möguleiki á snjóbílaferð á Vatnajökul. Ganga á Öræfa- jökul fyrir þá sem vilja. Kl. 20.00. Þórsörk. Mjög góð gisting í Útivistarskólanum Básum. Pantíð tímanlega vegna takmarkaðs gistiþláss um helgina. Ath. Útivist notar allt gistrími í Básum frá 14.-16. júní. Dagsferðir um helgina: 16. júní kl. 10.30. Geitafell-Strandagjá. Mjög margt að skoða. Verð kr. 400. 16. júní kl. 13.00. Geitahlíð-Eldborgir. Frábær útsýnisstaður. Auðveld ganga. Verð kr. 400. 17. júní kl. 13.00. Ganga á Esjuna. Verð kr. 300. Brottför í Útivistarferðir er frá bensínslu við BSL.

Skógræktarfélag Reykjavíkur nemur land á Reynivöllum.

Laugardaginn 15. júní verður hóperð á vegum Skógræktarfélags Reykjavíkur að Reynivöllum. Lagt verður af stað úr Fossvogsstöð kl. 11.00. Rúta flytur þá er þess óska, öðrum er velkomið að nota einkabíla eða önnur farartæki til að komast til Reynivalla. Rútan mun aka beinustu leið að Reynivöllum og er Þorvaldur S. Þorvaldsson fararstjóri. Það verður sungið, leikið og gróðursett. Boðið verður upp á grillpýlsur og gosvatn. Til baka verður farið um Kjósarskarð og Mosfellssveit og komið heim um fjögurleitið. Þátttöku má tilkynna í s. 40313 og 44562. Skógræktarfélagið girti landspíldu að Reynivöllum í Kjós fyrir þremur árum og hefur dálítlu verði plantað þar árlega. Fyrstu plönturnar eru að vaxa úr grasi og mynda vísa að gríðlandi fyrir lúna vegfarendur.

Lifandi leiðsögn og fleira á Þingvöllum

Göngur með leiðsögn um Þingvelli verða í sumar með eftirfarandi hætti: Föstudaga og laugardaga kl. 13. Skógarholtsanga. Lagt á stað frá Þjónustumiðstöðinni á Leirum. Föstudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 16.30. Gengið um Þingvallahelgi. Lagt á stað frá Peningagjá. Þá verða kvöldvökur í Þingvallakirkju á laugardögum kl. 20. Guðspjónusta verður á sunnudögum kl. 14.

Tilkynningar

Konur í Kópavogi Munið gróðursetninguna að Fossá laugardaginn 15. júní nk. Lagt verður af stað frá félagsheimili Kópavogs kl. 11 f.h. Tilkynnið þátttöku fyrir fimmtudaginn 13. júní til Önnu s. 41566, Þórhöllu s. 41726 og Steinunnar s. 42365.

Geðhjálp með kaffisölu

Geðhjálp verður með kaffisölu 17. júní í Veltusundi 3b. Þar verður mikið af góðum kökum og álegg á borðum ásamt kaffi frá kl. 15.00 til kl. 19.00. Spilað verður á hljóðfæri og sungið, tekið í spil og spjallað saman. Allir velunnarar Geðhjálpar eru hvattir til að lita inn og fá sér kaffi.

Hátíð þjóðarinnar Stjórnum sambandsboð

Félag nýalssinna boðar til fundar á Þingvöllum 17. júní. Fundinum er ætlað að ná fram heimsókn stjórnunarmeningar sem breyta mun allri afstöðu, það er þekkingu til heimsins. Til þess að fá fram heimsókn þá þarf fólk að syngja og dansa. Nýalssinnar hvetja fólk til að koma samhuga á Þingvöll þann 17. júní.

Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar á ferð um Suðurland.

Nú um helgina er hljómsveit Geirmundar Valtýssonar frá Sauðárkróki á ferð um Suðurland. Á föstudagskvöldið leikur hljómsveitin í Inghól á Selfossi, laugardagskvöldið leikur hún á hestamannadansleik á Hvoli og á sunnudagskvöldið á þjóðhátíðardansleik í Hótel Borgarnesi.

KRFÍ boðar til fundar 19. júní

Kvenréttindafélag Íslands heldur hádegisfund 19. júní nk. að Litlu-Brekku, Bankastræti, í tilefni þess að þá verða liðin 70 ár síðan íslenskar konur fengu kosningarétt og kjörgengi til alþingis. Á fundinum verður Auður Auðuns, fyrrverandi borgarstjóri Reykjavíkur og ráðherra, gerð að heiðursfélaga KRFÍ. Til að minnst dagsins mun Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur flytja stutt erindi um 19. júní 1915. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 18156.

Opið um helgina KLÚBBURINN